

# Undirbúningsstjórn um sameiningu Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps

Annar fundur haldinn í Seiglu, Laugum, þriðjudaginn 7. september og hófst kl. 13.30

Mætt voru:

- Alma Dröfn Benediktsdóttir,
- Arnór Benónýsson,
- Árni Pétur Hilmarsson,
- Helgi Héðinsson,
- Sigríður Hlynur Snæbjörnsson
- Sigurður Böðvarsson,
- Dagbjört Jónsdóttir og Sveinn Margeirsson sveitarstjórar,
- Róbert Ragnarsson frá RR ráðgjöf sem ritaði fundargerð

## Dagskrá

### 1. Verkefnislýsing og skipulag

#### a. liður. Samningur um verkefnisstjórn

Tillaga RR ráðgjafar ehf. lögð fram. Samþykkt að Róbert Ragnarsson verði verkefnisstjóri verkefnisins. Formanni og varaformanni falið að ganga til samninga við RR ráðgjöf.

#### b. liður. Verkefnislýsing og helstu verkefni framundan

Róbert fór yfir hugmyndir að verkefnum og skipulagi verkefnisins. Ákveðið að á næsta fundi verði fulltrúar sveitarfélaganna tilbúnir með tillögur að fulltrúum í starfshópa sem munu fjalla um einstaka málaflokka og undirbúa samruna sveitarfélaganna.

#### c. liður. Staða aðgerða frá síðasta fundi

Sveinn kynnti drög að atvinnuauglýsingu þar sem auglýst eftir lögfræðingi sem starfi með Undirbúningsstjórn og sveitarfélögunum að undirbúningi sameiningarinnar.

Ákveðið að á næsta fundi verði fjallað um stjórnir og ráð sem sveitarfélögin eiga aðild að og hvaða breytingar eru líklegar í kjölfar sameiningarinnar.

#### d. liður. Helstu verkefni og tímalína

Í forgangi verði að eiga samráð við íbúa og þróa áfram hugmyndir að uppbyggingu stjórnskipulags. Stefnt er að því að tillaga að Samþykkt um stjórn og fundarsköp sameinaðs sveitarfélags verði tilbún í desember og staðfesting ráðuneytisins liggja fyrir í janúar.

#### e. liður. Umsýsla með verkefninu og fjármálum

Ákveðið að Þingeyjarsveit fari með umsýslu verkefnisins og fjármálum þess eins og við sameiningarviðræðurnar.

### 2. Samráð við starfsfólk

Pétur Arason frá Manino annars vegar og Sigríður Indriðadóttir frá SAGA Competence hins vegar komu inn á fundinn gegnum fjarfundabúnað og kynntu þjónustu sína og nálgun á samráð við starfsfólk og innleiðingu breytinga.

Ákveðið að Sveinn óski eftir tilboði frá báðum aðilum, með verklýsingu og kostnaðaráætlun.

Ákveðið að bjóða Sigríði að koma inn á árlegan starfsmannafund Skútustaðahrepps sem haldinn verður 16. september og til fundar með starfsfólki á skrifstofu Þingeyjarsveitar, fyrir hádegi þann sama dag. Dagbjört og Sveinn taka ábyrgð á verkefninu.

### **3. Tilraunaverkefni í fræðslumálum**

Í samræmi við þá stefnu sem mörkuð var í starfshópi um fræðslumál og kynnt á íbúafundum í aðdraganda sameiningarkosninga hefur Undirbúningsstjórnin hug á að setja á fót þróunarverkefni í fræðslumálum sem miðar að því að samþætta þjónustu við börn frá lokum fæðingarorlofs í gegnum leik-, grunn- og framhaldsskóla. Það verkefni verði jafnframt tengt við nýsamþykktar breytingar á lögum um samþætta þjónustu við börn. Rætt um möguleikann á því að fá stuðning úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga við slíkt þróunarverkefni sem geti haft almenna þýðingu og verið fordæmi fyrir önnur sveitarfélög.

### **4. Önnur mál**

Umræða um önnur sameiginleg hagsmunamál sveitarfélaganna.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15.45.

Næsti fundur verður boðaður 13. október.